



Skýrsla sveitarstjóra ágúst 2018

Helstu viðfangsefni

Framkvæmdir

Í lok júní sl var borað eftir heitu vatni í landi Þjórsárholts. Árangurinn af því verki var afbragðsgóður. Við áætlum að magnið sem kemur úr holunni sé 70- 90 lítrar á sekúndu ca 67 gráðu heitt. Það kom á 120 metra dýpi. Kostnaður við borunina sjálfa nemur um 11, 5 milljónum og hefur þegar verið greiddur. Borplani var einnig kostað til fyrir ca 1,5 milljón. Á næstunni verður borholan virkjuð. Talsverður kostnaður um bætast við vegna þessa, svo sem dælukaup og fleira. Þar með er magn af heitu vatni nægjanlegt til að hita upp talsvert mörg íbúðarhús, og önnur mannvirki til viðbótar. Því ber sannarlega að fagna.

Gatnagerð, framkvæmdir við gatnagerð eru sem næst á áætlun. Til að mynda hefur ný gata hefur verið byggð í Heiðargerði. Vonir standa til að malbikað verði í september.

Gólf í millisal í Brautarholti hefur verið endurnýjað og gólfið í samkomusalnum í Brautarholti verður óhjákvæmilega endurnýjað einnig. Það kemur ekki til af góðu, en það flæddi þegar miðstöðvar ofn gaf sig. Talsverðar lagfæringar hafa verið gerðar á Skeiðalaug, einkum á það við um lagnir.

Á leikskólalóð verður reist á næstunni lítið bjálkahús sem mun hýsa áhöld.

Veglegar girðingar verða settar upp við bæði gámsvæðin á næstu vikum.

Ef veður leyfir verður hluti af félagsheimilinu málað að utan og einnig þakið á Heiði.

Framkvæmir hjá íbúum eru talsverðar. Það er að rísa veglegt íbúðarhús á nýbýlinu Birkilaut við Skaftholt og einnig veglegt íbúðarhús í Urðarholti. Þá er bygging þriggja íbúða raðhúss í Bugðugerði komið vel á veg.

Persónuverndarlögin eru orðin að veruleika. Lögmannsstofan Dattaca labs er að vinna að því með okkur að búa til persónuverndarstefnu. Það mun taka nokkurn tíma.

Ljósleiðari. Um þessar mundir notendum ljósleiðarkerfis að fjölga nokkuð. Það er eins og fram hefur komið í undirbúningi að leggja ljósleiðara í orlofsbyggð í Áshildarmýri. Einnig í húsin fjögur í Þrándartúni og í Þrándarlund auk þess í nýbýlin tvö og raðhúsið í Bugðugerði.

Skólamál. Þjórsárskóli hefur nú verið settur, og er örlítill fækkun nemenda. Stöður hafa verið mannaðar þar sem og í leikskóla. Ekki að öllu leyti með kennurum með réttindi. En að mestu leyti. Menntastig í grunnskóla og leikskólanum hjá okkur er að ég hygg með því betra sem gerist í litlum sveitarfélögum.

Skipulagsmál. Endurskoðun aðalskipulags 2017-2029 er enn til meðferðar hjá sveitarstjórn. En það styttest í að það fari í auglýsingu. Ætla má að það muni taka gildi snemma á næsta ári.

Íbúafjöldi. Fjöldi íbúa 1 ágúst sl var 655. Fækkun um 35 frá áramótum. Það á eðlilegar skýringar.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Ég hef góða tilfinningu fyrir því að kjörtímabilið sem nú er hafið verði kjörtímabil framkvæmda og framfara, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, það segi ég af heilum hug. Vonandi einhver fjölgun íbúa. Við erum búum að því að eiga innviði til að takast á við fjölgun íbúa. Þetta er sveitarfélag góðra tækifæra.

Ég mun leggja mig fram um að vera til gangs fyrir sveitarfélagið og vonast til að svo hafi verið síðustu árin

Kristófer Tómasson sveitarstjóri